

**Nd.**

**831. Nefndarálit**

**[340. mál]**

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á mörgum fundum. Nefndin aflaði fjölmargra gagna varðandi málið og kvaddi á sinn fund eftirtalda aðila: Jón Sigurðsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Bjarna Braga Jónsson frá Seðlabanka, Magnús Pétursson hagsýslustjóra, Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnun, Ásmund Stefánsson, forseta Alþýðusambands Íslands, Björn Björnsson, hagfræðing ASÍ, Vilhjálm Egilsson, hagfræðing Vinnuveitendasambands Íslands, Björn Önundarson og Helga Sigvaldason frá Tryggingastofnun ríkisins, Örlyg Geirsson frá menntamálaráðuneyti, Sigurjón Valdimarsson frá Lánasjóði ísl. námsmanna, Björn Friðfinnsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón Sæmund Sigurjónsson, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda, Egil Bjarnason frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sigurð Þórðarson frá fjármálaráðuneyti og Sigurð Helgason frá menntamálaráðuneyti, Má Elísson, Fiskveiðasjóði, og Stefán Pálsson, Búnaðarbanka.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 736, með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 1984.

Páll Pétursson,  
form., frsm.

Þorsteinn Pálsson.

Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.